

Samstarf endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar og stjórnar Strætó bs.

Strætó bs. er byggðasamlag sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu með meirihluta þátttöku Reykjavíkurborgar.

Stjórn félagsins samþykkti á fundi sínum 28. nóvember 2014 að fela endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar hlutverk endurskoðunarnefndar félagsins.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar starfar samkvæmt samþykkt nefndarinnar sem afgreidd var á fundi borgarráðs Reykjavíkurborgar þann 10. júlí 2014 og gildir sú samþykkt einnig gagnvart stjórn SHS. Helstu verkefni nefndarinnar eru:

1. að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila
2. að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu og
3. að hafa eftirlit með ytri endurskoðun.

Jafnframt ber nefndinni að gæta að óhæði ytri endurskoðenda og setja fram tillögu til stjórnar um ráðningu ytri og innri endurskoðenda.

Nefndin hefur sett sér starfsreglur til þess að vinna að þeim verkefnum sem kveðið er á um í samþykkt hennar og munu þær gilda um störf nefndarinnar fyrir stjórn Strætó bs. eftir því sem við getur átt.

Nefndin telst undirnefnd stjórnar Strætó bs. þegar til umfjöllunar kemur um málefni tengd félaginu og sinnir ofangreindu eftirlitshlutverki með fjárhagsupplýsingum í samræmi við það. Nefndin mun upplýsa stjórn um málefni sem hún fjallar um og varða félagið og óska eftir viðveru fulltrúa stjórnar á fundi nefndarinnar eftir því sem nefndin telur ástæðu til.

Í starfsreglum Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir að deildin annist innri endurskoðun félaga sem Reykjavíkurborg á helmingshlut í eða meira. Með hliðsjón af því hlutverki endurskoðunarnefndar að koma með tillögu til stjórnar um innri endurskoðanda mun nefndin leggja fram tillögu til stjórnar um fyrirkomulag innri endurskoðunar .

Nefndin mun veita stjórn Strætó bs. umsögn um ofangreind eftirlitsstörf í tengslum við ársreikning og árshlutareikninga félagsins. Nefndin mun upplýsa stjórn um mikilvæg atriði sem fram koma í störfum hennar eins fljótt og kostur er og gefa stjórn félagsins skýrslu um störf sín við framlagningu ársreiknings. Ger t er ráð fyrir að stjórn og stjórnendur Strætó bs. veiti nefndinni upplýsingar um málefni sem geta varðað störf nefndarinnar að eigin frumkvæði eða ef eftir því er leitað.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar og stjórn Strætó bs. eru sammála um það fyrirkomulag sem fram kemur hér að ofan og staðfesta um leið að fullkominn trúnaður ríkir um öll samskipti milli aðila.

Reykjavík, 29. maí 2015

f.h. endurskoðunarnefndar
Ólafur Kristinsson

f.h. stjórnar Strætó bs.
Bryndís Haraldsdóttir